

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 30. október 2023
Málsnúmer: 202309-0020
LA

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Straumsvíkurhöfn

Við er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 18. september 2023, þar sem Hafnarfjarðarbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Straumsvíkurhöfn.

Breytingar á deiliskipulagi fyrir Straumsvíkurhöfn er 1. áfangi verkefnis sem felur í sér heildarstækkun á Straumsvíkurhöfn. Fram kemur að ekki er gerð grein fyrir heildarbreytingum vegna framkvæmdar við höfnina, þar sem ekki liggja fyrir allar forsendur og hönnun vegna seinni áfanga.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu að breytingu á deiliskipulagi og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Þrátt fyrir að framkvæmdin skarist ekki við svæði á náttúruminjaskrá nr. 112, Straumsvík, er nálægðin það mikil að hætta er á að framkvæmdir við höfnina, og sérstaklega 1. áfanga, muni hafa áhrif á náttúrufar svæðisins. Náttúruminjasvæðið Straumsvík er metið með hátt verndargildi vegna lífríkis í fjörum og tjörnum með fersku og ísöltu vatni í innan- og vestanverðri Straumsvík. Þetta verndarsvæði er óneitanlega á áhrifasvæði framkvæmdar við landfyllingu og því grundvallaratriði að umhverfisáhrif séu metin gaumgæfilega, einkum á lífríki en einnig t.d. straumafar og sjávarföll.

Þann 19. september s.l. birti Skipulagsstofnun ákvörðun sína um matsskyldu þar sem niðurstaðan var að fyrirhuguð framkvæmd kynni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

